



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **CASTROL CHAIN LUBE OIL**

1.2. Tilgreind notkun Keðjuolífa. Úði.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Varan er blanda.

2.1.1. Flokkun samkvæmt tilskipun 1999/45/EB

Flokkun F+; H12
H67
H52/53

Líf-/efnafræðileg hættu Afar eldfimt.

Heilbrigði fólks Gufur geta valdið sljóleika og svima.

Umhverfishættur Skaðlegt vatnalífverum, getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum á lífríki í vatni.

2.1.2. Flokkun samkvæmt reglugerð 1272/2008 (CLP)

Flokkun Úði 1, H222, H229
Húðert. 2, H315
STOT SE 3, H336
Langv. eit. á vatn 3; H412

2.2. Merkingaratriði

Hættumerki



Viðvörðunorð
Hættusetningar

Hætta
H222 – Afar eldfimt úðaefni.
H315 – Veldur húðertingu.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H412 – Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum.
H229 – Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun.

Varnaðarsetningar
Forvarnir

P280 – Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífar/andlitshlífar.
P210 – Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum.
- Reykingar bannaðar.

Viðbrögð

P273 – Forðist losun út í umhverfið.
P251 – Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P304+P340+P312 – EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun. Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.

Geymsla

P410 – Hlífið við sólarljósi.
P412 – Setjið ekki í hærri hita en 50°C

Förgun

P501 – Fargið innihaldi/íláti í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættuleg innihaldsefni Bútan.

Viðbótarmarkningar

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkön, ísóalkön, hringtengd, <5% n-hexan.
Þrýstihylki: Verjið fyrir sólarljósi og setjið ekki í hærri hita en 50°C. Ekki gata eða brenna hylki, jafnvel þó þau séu tóm. Ekki úða á opinn eld eða glóheitt efni. Haldið fjarri íkveikjugjöfum – Reykingar bannaðar.
Geymist þar sem börn ná ekki til.

2.3. Aðrar hættur

Öflokkaðar hættur

Ef leysiefni er „sniffað“ (misnotað) eða gufum þeirra vísitandi andað inn, getur það valdið alvarlegum áhrifum á miðtaugakerfið, þ.m.t. meðvitundarleys og jafnvel dauða.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efni	Vörुकenni	Magn%	Flokkun		Teg
			67/548/EBE	1272/2008/EB	
Bútan	EINECS#: 203-448-7 CAS#: 106-97-8 SKRÁR#: 601-004-00-0 REACH#: 01-2119474691-32	>=35-<50	F+; H12	Eldf. vökvi 1; H220 Lofit. u. þrýst.; H280 STOT SE3; H336 (deyfandi verkun)	[1] [2]
Vetniskolefni, C6-C7, n-alkön, ísóalkön, hringtengd, <5% n-hexan	REACH#: 01-2119475514-35	>=10-<15	F; H11 Xn; H65 H67 N; H51/53	Eldf. vökvi 2; H225 Húðert. 2; H315 STOT SE3; H336 (deyfandi verkun) Eit. v. ásvælg. 1; H304 Langv. eit. á vatn 2; H411	[1]
Própan	EINECS#: 200-827-9 CAS#: 74-98-6 SKRÁR#: 601-003-00-5 REACH#: 01-211-9486944-21	>=10-<15	F+; H12	Eldf. lofit. 1; H220 Lofit. u. þrýst; H280	[2]
Vetniskolefni, C7-C9, n-alkön, ísóalkön, hringtengd	REACH#: 01-2119473851-33	>=2,5-<10	F; H11 Xn; H65 H66, H67 N; H51/53	Eldf. vökvi 2; H225 STOT SE3; H336 (deyfandi verkun) Eit. v. ásvælg. 1; H304 Langv. eit. á vatn 2; H411	

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

[1] Efni flokkað sem hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2] Efni flokkað með viðmiðunarmörk fyrir vahrif á vinnustöðum.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun

Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni.

Eftir snertingu við augu

Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Haldið augnlokum opnum við skolon. Fjarlægjið snertilinsur. Leitið lækni.

Eftir snertingu við húð

Rennbleytið fót með vatni áður en farið er úr þeim. Þetta er nauðsynlegt til að forðast hættu á neistum vegna stöðurafragnis sem geta kveikt í óhreinkuðum fötum. Þvoið húðina vandlega með vatni og sápu eða viðurkenndum húðhreinis. Leðurfatnaði, sérstaklega skóm, sem óhreinkast af efninu, skal fleygt. Farið úr óhreinkuðum fatnaði og skóm. Þvoið fót og skó vandlega fyrir næstu notkun. Leitið lækni.

Eftir inntöku

Framkallið ekki uppköst nema samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstarfsfólks. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. Ef meðvitundarlaus, setjið í læsta hliðarlegu og leitið lækni strax. Eitrun er mjög ólíkleg nema efni sé viljandi tekið inn í miklu magni. Leitið lækni strax.

Ráðgjöf

Þeir sem veita skyndihjálpi ættu ekki að stofna sjálfum sér í hættu eða veita skyndihjálpi sem þeir hafa ekki þjálfun til að veita. Ef að grunur leikur á að enn séu gufur/reykur í lofti skulu bráðaliðar eða þeir sem veita fyrstu hjálpi að nota viðeigandi grímu eða fersklöftstæki. Það getur verið hættulegt viðkomandi að beita blástursaðferð.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif

Sjá 11. lið fyrir nánari upplýsingar um einkenni og áhrif á heilbrigði.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Sérstök meðhöndlun

Meðhöndlið einkenni og dragið úr áhrifum.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Froða eða slökkviduft.
Óviðeigandi Notið ekki vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Afar eldfimur úði. Við bruna eða upphitun eykst þrýstingur og ílát getur sprungið. Gas getur safnast upp í lægðum eða luktum rýmum. Það getur einnig borist töluverða vegalengd að íkveikjugjafa, borið eld að upptökum og valdið bruna eða sprengingu. Ef efnið berst í holræsi getur það valdið bruna- eða sprengihættu. Úðabrúsar sem springa í eldi geta þeyst á miklum hraða.

Skaðleg myndefni Kolefnisoxíð (CO, CO₂).

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Færið ílát frá eldi ef mögulegt án áhættu. Ekki gera neitt sem felur í sér persónulega áhættu án sérstakrar þjálfunar. Ef eldur kemur upp, rýmið svæðið eins fljótt og mögulegt er. Kælið nálæg ílát með vatnsúða. Efnið er skaðlegt vatnalífverum. Safnið slökkvivatni með efninu sérstaklega og losið ekki í niðurfall, fráveitu eða vatnsfarveg.

Hlífðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með andlitsgrímu, stillt á yfirþrýsting.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Almennar ráðstafanir Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Ekki gera neitt sem felur í sér persónulega áhættu án sérstakrar þjálfunar. Rýmið nærliggjandi svæði. Haldið óviðkomandi og vanbúnu starfsfólki frá svæðinu. Snertið hvorki né gangið á leka. Ef að þrýstihylki hafa rofnað, gætið að því að efnið og drifefnið þeytast út með þrýstingi. Ef að mörg ílát rofna, meðhöndlið eins og meiriháttar leka samkvæmt leiðbeiningum í lið 6.3. Ekki snerta eða ganga á leka. Ekki geyma eða meðhöndla blys, reykja eða kveikja eld á hættusvæði. Varist innöndun gufu eða úða. Tryggið næga loftræstingu. Notið viðeigandi hlífðarbúnað. Hafið samband við neyðarþjónustu. Sjá upplýsingar um viðeigandi og óviðeigandi efni í hlífðarbúnaði í 8. lið, ef þörf er á sérstökum hlífðarfatnaði við meðhöndlun leka. Sjá einnig „almennar ráðstafanir“ hér að ofan.

Bráðaliðar

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Hindrið að berist í jarðveg, fráveitur, vatnsfarvegi og holræsi. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið veldur umhverfismengun (fráveitur, vatnsfarvegir, jarðvegur, andrúmsloft). Vatnsmengandi efni. Getur verið skaðlegt umhverfinu ef losað í miklu magni.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Flytjið ílát af lekasvæði. Safnið leka með hvarftregu ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Notið neista- og sprengiheldan búnað. Fargið hjá sérhæfðum förgunaraðila.

Meiriháttar leki Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Flytjið ílát af lekasvæði. Hindrið að berist í fráveitur, vatnsfarvegi, kjallara eða lukt rými. Haldið leka í skefjum og safnið með eldtraustu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlfíti eða kísilgúr og setjið í ílát til förgunar samkvæmt gildandi lögum og reglum. Notið neista- og sprengiheldan búnað. Fargið ílátum á sama hátt og efninu sjálfu. Fargið hjá sérhæfðum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Sjá 1. lið fyrir neyðarsímanúmer.
Sjá 5. lið fyrir ráðstafanir vegna slökkviðgerða.
Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.
Sjá 12. lið fyrir varúðarráðstafanir vegna umhverfisins.
Sjá 13. lið fyrir viðbótarupplýsingar um förgun.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Varúðarráðstafanir Notið viðeigandi persónuhlífar. Þrýstihylki: Haldið fjarri sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki gata eða brenna, jafnvel þó að ílát séu tóm. Ekki taka inn. Varist snertingu við augu, húð og fatnað. Varist innöndun lofttegunda, gufu eða úða. Varist snertingu við leka. Hindrið að berist í jarðveg og yfirborðsvatn. Notið aðeins við fullnægjandi loftræstingu. Notið viðeigandi öndunarbúnað

þar sem loftræsting er ófullnægjandi. Geymið og notið fjarri hita, neistum, opnum eldi eða öðrum íkveikjugjöfum. Reykið ekki. Notið aðeins búnað sem neistar ekki. Tóm ílát innihalda leifar af efninu og geta verið hættuleg. Ekki úða á eld eða glóheitt efni. Efni og áhöld sem notuð eru við hreinsun leka eru eldfim og ætti ekki að leyfa að safnast upp. Fargið á öruggan hátt strax eftir notkun.

Hreinlæti

Ekki borða, drekka eða reykja þar sem efnið er meðhöndlað, geymt og unnið. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun. Farið úr fötum og hlífðarfatnaði áður en gengið er inn á svæði þar sem borðað er.

Sjá einnig 8. lið fyrir upplýsingar um hreinlætisráðstafanir.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Ráðstafanir

Geymið í samræmi við reglur. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Ílát skulu vera tryggilega lukt og innsiglið þar til þau eru notuð. Geymið og notið aðeins í ílátum undir efnið. Geymið á læstum stað. Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá 10. lið).

Óviðeigandi

Hækkað hitastig í lengri tíma.

7.3. Sérstök notkun

Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	Land/Stofnun	Tímavegið meðaltal
Bútan	Danmörk	500 ppm, 1200 mg/m ³ 8 klst.
Própan	Danmörk	1000 ppm, 1800 mg/m ³ 8 klst.

Vöktun

Ef varan inniheldur efni með tilgreind váhrifamörk gæti þurft að vakta þéttni þess svo gera megi ráðstafanir m.t.t. loftræstingar og/eða öndunarhlífa. Athugið viðeigandi eftirlitsstaðla: Evrópustaðall EN 689 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnum m.t.t. viðmiðunarmarka og mæliaðferða) og landsbundnar leiðbeiningar um aðferðir við mat á hættulegum efnum. Evrópustaðall EN 14042 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um beitingu og notkun ferla við mat á váhrifum af völdum efna og líffræðilegra áhrifavalda) Evrópustaðall EN 482 (Loftgæði á vinnustað - Almennar kröfur um framkvæmd aðgerða við mælingar á efnum). Athugið einnig landsbundnar leiðbeiningar um aðferðir við mat á hættulegum efnum.

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Komið fyrir útsogskerfi eða öðrum búnaði til að halda loftþéttni undir váhrifamörkum í starfi. Hafið augnskolunarbúnað og öryggissturtur nálægt vinnustöð. Öll efni skal meta m.t.t. áhrifa á heilsu og koma skal upp viðeigandi búnaði til að koma í veg fyrir váhrif eða takmarka þau nægilega. Til er stigskipting takmörkunarráðstafana (þ.e. uppræting, skipting, loftræsting, afmörkun, vinnukerfi, breyting á ferlum eða aðgerðum) sem verður að gæta að áður en hlífðarbúnaður er notaður. Hlífðarbúnaður skal vera í samræmi við viðeigandi staðla, henta vel til notkunar og réttilega við haldið. Ráðfærið ykkur við söluaðila hlífðarbúnaðarins varðandi val og viðeigandi staðla. Fyrir frekari upplýsingar, hafið samband við Staðlaráð Íslands. Val á hlífðarbúnaði byggist á háttumati. Mikilvægt er að tryggja að einstakir hlutar hlífðarbúnaðarins eigi saman.

Hreinlætisráðstafanir

Þvoið vel hendur, framhandleggi og andlit eftir notkun íðefna áður en borðað er, reykt og farið á salerni og við lok vinnustunda. Tryggið að augnskolunarbúnaður og öryggissturtur séu nálægt vinnustöð.

Öndunarhlífar

Notið öndunarhlíf með loftsíu eða ferskloftstæki ef að áhættumat styður notkun slíks búnaðar. Notið síu af gerð P eða A/AX eftir því hvort áhættumat styður notkun agnasíu eða loftsíu fyrir lífrænar lofttegundir og gufur m.t.t. vinnuaðstæðna. Athugið í hvert skipti hvort að öndunarhlífar passa ekki örugglega. Notið ferskloftstæki við mikla þéttni efnisins í lofti. Val á öndunarhlífum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi öndunarhlífa. Móta skal öryggisreglur fyrir hverja tiltekna notkun. Veljið öndunarhlífar í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuaðstæðum.

Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef líkur eru á langvinnri eða endurtekinni snertingu. Notið efnapolna hanska. Mælt er með nítrílhönskum. Val á hlífðarhönskum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi

**Til hlífðar augum/andl.
Húð og líkami**

hanskanna (jafnvel mjög efnaþolnir hanskar eyðast með tímanum við endurtekna snertingu við efni. Flestar gerðir hanska veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að fleygja. Skiptið reglulega um hanska. Vegna þess hve vinnuskilyrði og meðhöndlun geta verið breytileg skal móta öryggisreglur fyrir hverja tilgreinda notkun. Veljið hanska í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuáðstæðum.

Umhverfi

Öryggisgleraugu með hliðarvörn.
Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Veljið hlífðarfatnað m.t.t. verks og hættunnar sem í því felst. Veljið hlífðarfatnað sem viðurkenndur er af sérfræðingi. Bómullar- eða pólýester-/bómullarsamfestingar veita einungis vörn gegn minniháttar yfirborðsmengun sem gegnbleytir ekki. Samfestinga skal þvo reglulega. Þegar mikil hætta er á snertingu við húð (s.s. við hreinsun leka eða þar sem hætta er á slettum) skal nota efnaþolnar svuntur og/eða efnaþolinn klæðnað og stígvél.

Losun í gegnum loftræstingu eða vinnuvélar skal athuguð til að tryggja að þær samræmist umhverfisverndarlöggjöf. Í sumum tilvikum gæti þurft að koma fyrir hreinsibúnaði, síum eða gera tæknilegar breytingar á búnaði til að draga úr losun og ná henni undir ásættanleg mörk.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Úði.
Litur	Hvítur.
Lykt	Einkennandi.
pH-gildi	Engar upplýsingar.
Bræðslumark	Engar upplýsingar.
Suðumark	Engar upplýsingar.
Lyktarþröskuldur	Engar upplýsingar.
Blossamark	Lokað ílát: -71°C (Áætlað).
Uppgufunarhraði	Engar upplýsingar.
Eldfimi	ELDFIMT. Ílát getur sprungið í eldi eða við upphitun.
Sprengimörk	
- neðri	0,8%
- Efri	10,9%
Gufuþrýstingur	Engar upplýsingar.
Eðlisþyngd gufu	Engar upplýsingar.
Eðlisþyngd	Engar upplýsingar.
Massi	800 kg/m ³ við 20°C.
Vatnsleysni	Óleysanlegt í vatni
Deilistuðull: n-oktanól/vatn	Engar upplýsingar.
Sjálfstíkjueikjuhitastig	Engar upplýsingar.
Niðurbrotshitastig	Engar upplýsingar.
Eðlisseigja	Engar upplýsingar.
Sprengieiginleikar	Engar upplýsingar.
Oxunareiginleikar	Engar upplýsingar.

9.2 Aðrar upplýsingar

Brensluvarmi	31,72 kJ/g
---------------------	------------

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni	Engar prófanir gerðar.
-------------------	------------------------

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki	Efnið er stöðugt.
--------------------	-------------------

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf	Ekki hætta á skaðlegri fjölliðun eða efnahvörfum við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.
------------------------------------	---

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði	Íkveikjugjafar (neistar, eldur). Hár hiti.
-------------------------	--

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni	Engar upplýsingar.
-------------	--------------------

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni	Ekki hætta á skaðlegu niðurbroti við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.
-----------------------	---

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Líklegar íkomuleiðir Húð, innöndun.

Möguleg bráð áhrif á heilbrigði

- Innöndun Getur valdið skertri starfsemi miðtaugakerfis. Getur valdið sljóleika eða svima.
- Inntaka Ertandi fyrir munn, háls og maga.
- Snerting við húð Veldur húðertingu.
- Snerting við augu Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.

Einkenni tengd efnislegum, efnafræðilegum og eiturefnafræðilegum eiginleikum

- Innöndun Meðal mögulegra váhrifa: Erting í öndunarvegi, hósti, ógleði og uppköst, höfuðverkur, sljóleiki/preyta, svimi/jafnvægisleysi, meðvitundarleysi. Váhrif við mikla þéttni getur verið sljóleiki, ringl, höfuðverkur og óskýr sýn. Meiri þéttni getur valdið meðvitundarleysi. Getur verið skaðlegt við innöndun eftir hitaniðurbrot.
- Inntaka Inntaka í miklu magni getur valdið ógleði og niðurgangi.
- Snerting við húð Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið minnkun náttúrulegrar húðfitu sem aftur veldur ertingu og/eða húðbólgu.
- Snerting við augu Meðal mögulegra váhrifa: sársauki eða erting, táramyndun, roði.

Bráð, tafin og langvinn áhrif vegna skammvinnrar eða langvinnrar snertingar

- Innöndun Innöndun ryks eða úða í miklu magni getur valdið ertingu í öndunarvegi.
- Inntaka Inntaka í miklu magni getur valdið ógleði og niðurgangi.
- Snerting við húð Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið minnkun náttúrulegrar húðfitu og leitt til ertingar og/eða húðbólgu.
- Snerting við augu Getur valdið skammvinnnum sársauka eða roða.

Möguleg langvinn áhrif á heilbrigði

- Almennt Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.
- Krabbameinsv. áhrif Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.
- Stökkbreytandi áhrif Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.
- Áhrif á þroskun Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.
- Áhrif á frjósemi Engin veruleg áhrif eða hætta þekkt.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Visteiturhrif Skaðlegt vatnalífi með langvinnnum áhrifum.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Engar upplýsingar.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engar upplýsingar.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Leki getur þrengt sér í gegnum jarðveg og mengað grunnvatn.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Á ekki við.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Efnid flýtur á vatni og getur haft skaðleg áhrif á lífverur. Getur einnig truflað súrefnisflæði.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Endurnýtið ef mögulegt. Fargið á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættulegur úrgangur Já.

Evrópska úrgangsskráin (EWC)

Úrgangskóði	Skilgreining úrgangs
15 01 10*	Umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim.

*Ef efnið er notað á annan hátt en til er ætlast eða er í návígi við önnur efni sem það getur mengast af getur þurft að farga því samkvæmt öðrum úrgangskóða af endanlegum notanda.

Förgun umbúða

Þrýstihylki: Verjið fyrir sólarljósi og setjið ekki í hærri hita en 50°C. Ekki gata eða brenna hylki, jafnvel þó þau séu tóm. Umbúðum skal fargað af sérhæfðum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur. Endurvinnið ef mögulegt.

Varúðarráðstafanir

Fargið efni og umbúðum þess á öruggan hátt. Tómar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Ekki gata eða brenna.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING**14.1. Alþjóðlegar reglur**

UN-númer	1950
Rétt sendingarheiti	AEROSOLS, flammable (butane, naphtha (petroleum), hydrotreated light, propane, isobutane)
ADN-flokkunarkóði	5F
Hættuflokkur	
- ADR/ADN	2
- IMDG/IATA	2.1



Gangakóði	D
EmS	F-D, S-U
Umhverfishættur	
- ADR/IMDG/IATA	Nei.
- ADN	Já.
Hættuauðkennisnr.	23
EmS	F-D, S-U

Sérstakar varúðarráðstafanir

ADR/RID/IMDG Vöruna má flytja sem takmarkað magn (1 lítri eða minna).

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK**15.1.1. ESB-reglur**

ESB-reglur Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Varan inniheldur efni sem á eftir meta m.t.t. efnaöryggis.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar (CLP)	H220 – Afar eldfim lofttegund. H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa. H280 – Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun. H304 – Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. H315 – Veldur húðertingu. H336 – Getur valdið sljóleika eða svima. H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
DSD/DPD-flokkun	F+; Afar eldfimt F; Mjög eldfimt Xn; Hættulegt Xi; Ertandi N; Hættulegt umhverfinu
Hættusetningar	H11 – Mjög eldfimt. H12 – Afar eldfimt. H38 – Ertir húð H51/53 – Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. H65 – Hættulegt: getur valdið lungnaskaða. H66 – Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. H67 – Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Skammstafanir

ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

TWA: Tímavegið meðaltal.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing og uppsetning: Reynir Hjálmarsson

Heimild: Nordic Lubricants A/S, msdsadvice@bp.com